

## Fundargerð

### 187. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 1. október 2013 kl. 13<sup>00</sup>–14<sup>50</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Halldór Haraldsson (HH) (fjarverandi)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjarverandi)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Móttaka spilliefna
- (3) Umbúðir úr plasti
- (4) Hjólbarðar
- (5) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (186. fundar).

#### 2. Móttaka spilliefna

ÓK fór yfir hugmyndir um breytt fyrirkomulag við móttöku spilliefna hjá Sorpu og fyrirhugað útboð Sorpu vegna þess. Sorpa er að breyta móttöku spilliefna á söfnunarstöðvum sínum, þannig að sá sem skilar spilliefnum leggur þau á borð í spilliefnagámi í stað þess að fá að fara inn í gáminn henda þeim sjálfur í merkt kör. Starfsmaður Sorpu tekur efnin á borðinu setur efnin síðan í rétt kar. Þannig fer vatnsmálning og lík efni í ákveðið kar og spilliefni sem falla undir sjóðinn í annað/önnur kör. Starfsmenn Sorpu munu flokka frá efni sem geta farið í aðra flokkun innan söfnunstöðvar s.s. málmumbúðir, pappa- og plastumbúðir og brotajárn.

Hugmynd Sorpu og Úrvinnslusjóðs er að vera með eitt kar fyrir öll brennanleg spilliefni sem geta farið í Kölku. ÓK kynnti drög að nýju fyrirkomulagi með skjámyndum og lagði þær fram sem fundargögn á fundinum. Þar voru tvær leiðir kynntar.

*Stjórn samþykkir að ákvarða endurgjald fyrir nýjan flokk spilliefna, blandaðan úrgang spilliefna frá heimilum (BSH).*

#### 3. Umbúðir úr plasti

Lögð fram á fundinum gögn vegna uppskiptingu í nýja flokka plastumbúða  
Frestað

#### 4. Hjólbarðar

Lögð voru fram á fundinum erindi frá Furu og Sorpu vegna endurgjalds á hjólbörðum.  
Frestað.

## **5. Önnur mál**

Lagt var fram yfirlit um framgang samninga um meðhöndlun smurolíu.

Næsti fundur ákveðinn 15.október 2013.

Fundi slitið kl 14:50